

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

26. árgangur

2004



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2004
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Skátastarf í Garðabæ
Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 16. sinn

FRAMTÍÐARBÓK

ÉG Á MÉR DRAUM

Draumurinn þinn getur orðið að veruleika með aðstoð Framtíðarbókar. Fáðu aðstandendur þína í lið með þér, stofnaðu Framtíðarbók og ávaxtaðu fermingarpeningana.

Framtíðarbókin er verðtryggður sparireikningur, sem ber 6% vexti. Ef þú leggur 25.000 kr. eða meira inn á Framtíðarbók eftir ferminguna færðu 3.000 króna peningagjöf inn á bókina frá KB banka. Innstæðan sem safnast verður laus til úttektar á 18 ára afmælisdaginn þinn. Gjafakort fyrir Framtíðarbókina fæst í öllum útibúum KB banka.

Láttu drauma þína rætast!

Ef þú stofnar Framtíðarbók hjá KB banka færðu bók til þess að skrifa draumana þína í.

www.kbbanki.is

 **KB BANKI**



Kæru Garðbæingar

Skátar önnum kafnir sem endranær

Í tuttugasta og sjötta skipti kemur út Fermingarblað Vífils hér í Garðabæ og er því orðið með elstu blöðum bæjarins. Blaðinu er meðal annars ætlað að kynna fermingarskeytasölu félagsins, sem hefur verið ein af fjárfloflunum félagsins í um 30 ár.

Sem fyrr eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalínskirkju og einnig þau fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast í Bessa- staðakirkju.

Listarnir eru þeir eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun og hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma. Með Fermingarblaði Vífils, sem er alfarið unnið af skátum Vífils, viljum við einnig kynna allt það umfangsmikla starf sem fer fram undir merkjum Vífils á hverju ári.

Nú pantar þú líka skeyti á vefnum !

Við hvetjum nú bæjarbúa til að senda fermingarbörnum skátaskeyti, hvort sem þeir eru nágrannar eða ættingjar og þannig styðjið þið við öflugt æskulýðsstarf í bænum. Við höldum áfram að hafa skeytasöluna á ný endurbættri heimasíðu félagsins www.vifill.is.

Auðvitað er líka hægt að hringja í okkur til að panta skeytin.

Húsnæðismálin

Aðalumnæðuefni vetrarins í Vífli hefur verið um húsnæðismál, því skátaheimilið við Hraunhóla var selt á haustmánuðum og afhent nú í byrjun ársins.

Í augnablikinu erum við með aðstöðu í Kirkjulundi 17, en nú á næstu vikum fer nýtt húsnæði að rísa við Bæjarbraut 7,, þar sem Vífill er að byggja Skátmiðstöð



Garðabæjar í samvinnu með Hjálpar- sveit skáta í Garðabæ.

Umfangsmikið skátastarf í Vífli !

Sem fyrr hefur verið mikið starfað í Vífli og má nefna frá síðastliðnu sumri þátttöku í Vormóti, Viðeyjarmóti, SSR- móti, Ylfingamóti ásamt samnorræna skátamótinu Norjamb.

Einnig félags-, sveitar- og flokksútilegur, sumardagurinn fyrsti, 17. júní, ævintýra- og útilífsnámskeið og ekki má gleyma Víflismótinu sem var endurvakið eftir langt hlé. Eldri skátar tóku þátt í flokksforingja-, sveitarforingja- og dróttskátanámskeiðum og einnig í Gilwell námskeiði sem gerir foringjahóp Vífils enn öflugri.

Sumarnámskeiðin vinsælu

Auðvitað kynnum við hér í blaðinu okkar vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið en þau verða haldin í sumar í sextánda sinn.

Námskeiðin eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli og ekki er verra að fara að huga að pöntun, því síðustu árin hefur verið uppbókað á þau öll á met tíma.

Bestu þakkir !

Frá okkur skátum í Vífli sendum við bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega. Sum þessara fyrirtækja hafa styrkt okkur í meira en aldarfjórðung og viljum við þakka þeim fyrir ómetanlega aðstoð.

Hver hefði nú trúað því...

Með þessum árgangi Fermingar- blaðsins fagnar undirritaður 20 ára ritstjóraafmæli. Ekki hvarflaði það að honum á seinni hluta síðustu aldar þegar fyrsti árgangur hans var unninn, að þessi titill myndi festast við hann svo rækilega.

Með skátakveðju,
Björn Hilmarsson,
ritstjóri.



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður:
Þór Ingólfsson

Ritstjörn:
Björn Hilmarsson

Ágúst Þór Gunnlaugsson
Bergdís Brynjarsdóttir
Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir
Gísli Örn Bragason
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Íris Sigurðardóttir
Jónatan Smári Svavarsson
Rakel Ýr Sigurðardóttir
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir

Myndir:
Úr myndasafni ritstjórnar og Vífils



pitt líf, þín framtíð

Sum hugtök teygjast með tímanum. Í dag leyfist fólk að skilgreina sig sem fjölskyldu þó að það eigi ekki hús, bíl, hamstar, tjaldvegn og tíu börn. Hvaða leið sem við veljum í lífinu koma tryggingar við sögu og hversu stór sem fjölskyldan þín er settir þú að skoða kosti F plús fjölskyldutryggingarinnar.

Fjölskyldur stækka gjarnan og breytast með tímanum. Þar sem F plús er ein viðtækasta tryggingin á markaðnum er óþarfi að uppfæra hana með hverjum áfanganum sem er nái.

F plús viðtæka fjölskyldutryggingin innifélar m.a.

- Tryggingu á innbúi
- Slysstryggingu í främa
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Málkostnaðartryggingu
- Umönnunartyggingu barna
- Ábyrgðartryggingu einstaklings

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar.

- pitt öryggi

VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

www.vis.is

Þjónustuver VÍS, símaþjónusta

mánudaga til föstudaga

kl. 8:00-19:00,

sími 560 5000



Sólbaðsstofan Garðasól



Iðnbúð 2

S: 565-7090



Opið mán.-fös. kl. 10-23

Laugardaga kl. 11-21

Sunnudaga kl. 12-18



Gjafavara - Gardínustangir

Sérsmíði

Forn-og
JÄRNAGALLERÍ



Iðnbúð 1 S:565-8060

Bónusvideó - Smiðsbúð 9

S: 565-8633



Kíktu á
nammibarinn
um leið og þú
tekur spólu



Smiðsbúð 9

Sumardagurinn fyrsti, 22. apríl

Skátamessa, sumarskemmtun, tertur og þrautabraut!

Afmælisdagur Vífils

Sterk hefð hefur myndast um hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Skátafélagsins Vífils alla tíð.

Sumardagurinn er um leið afmælisdagur félagsins en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir. Við hvetjum alla Garðbæinga sem vettlingi geta valdið að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Lúðrasveit Garðabæjar um göngu-taktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. þrautabraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælisökur

Hofsstaðaskóli verður opin og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar samkvæmt hefðinni. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og gefur það skátaforingjum félagsins dýrmæta reynslu að undirbúa og framkvæma svona viðamikla dagskrá.

**Allir Garðbæingar velkomnir,
eldri skátar fjölmennið !**

Sumardagsnefnd Vífils.



Skátaheimilið selt - nýtt reist

Vífill fluttur í Kirkjulund 17 og svo brátt yfir á Bæjarbraut 7



Skátafélagið selur Hraunhóla 12

Það eru margir skátar sem eiga góðar minningar úr Vífilsfelli, félagsheimili Vífils að Hraunhólum 12. Eftir margra ára undirbúning var ákveðið að fara í nýtt húsnæði og byggja sameiginlega skátamiðstöð Garðabæjar með Hjálparsveit skáta í Garðabæ.

Húsið að Hraunhólum 12 var því selt á haustmánuðum og afhent nýjum eigendum 4. janúar síðast liðinn. Vonum við að nýir eigendur muni hafa það jafn gott þar eins og Vífill síðustu áratugi.

Sameiginlegt hús með HSG

Nýja Vífilsfell verður reist að Bæjarbraut 7, þar sem Hjálparsveit skáta bjó. Búið er að breyta deiliskipulagi og stækka lóðina svo að bæði félögin geti haft þar aðstöðu. Nýja húsið sem rís verður um 1000 fermetar og munu félögin eiga sinn helming hvort.



Gamla hús Hjálparsveitarinnar rifið

Félagsheimili HSG var fyrir og var rifið í október síðastliðinn. Ótrúlega vel gekk að taka húsið niður og var það nánast tekið nagla fyrir nagla því reisa átti það

annars staðar af nýjum eiganda. Félagar úr Vífli og úr Hjálparsveitinni tóku húsið niður á einni helgi og var það nú mun hraðvirkari framvinda en þegar það var reist.



Skátamiðstöð að rísa

Búið er að steypa sökkla og undirbúa jarðveg. Húsið sem er stálgrindarhús kemur til landsins á næstunni og mun þá rísa hratt.

Stefnan er að starfsemi Vífils verði komin þangað í maí og að öll sumarnámskeið Vífils starfi þaðan.



Góð íþrótt er gulli betri

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðbæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur.

Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

Það er aldrei of seint að byrja.

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

Hvað er að gerast hjá Vífli ?

Nokkrir stuttir fréttapunktur

Vertu viðbúinn - í skólunum

Vertu viðbúinn námskeið er fyrir krakka á aldrinum 6-7 ára og hefur Vífill boðið þessi námskeið í Hofsstaðaskóla og Flataskóla. Sjaldan hefur námskeiðið fengið svona góðar undirtektir og hefur það bæði verið haldið í Hofsstaðaskóla og Flataskóla fyrir og eftir jóla.

Á námskeiðinu er margt á dagskránni. Krakkarnir læra hvað á að gera ef að slys ber að höndum eða ef til dæmis þarf að hringja í neyðarlínuna. Þau læra t.d. að skynja hvernig fatlaðir komast um og taka tillit til annarra og svo auðvitað eru farið í leiki. Námskeiðin eru í átta vikur í klukkutíma í senn.

Á námskeiðinu eru núna 19 hressir krakkar, 13 úr Flataskóla og 6 úr Hofsstaðaskóla.

Rakel Ýr



Breytingar á síðasta aðalfundi

Á síðasta aðalfundi gengu Haukur Þór Haraldsson og Björn Hermannsson úr stjórn Vífils eftir margra ára setu.

Viljum við skátar í Vífli þakka þeim sérstaklega fyrir frábær störf í þágu félagsins.

Nýir inn í stjórn komu Brynjar Hólm Bjarnason, Magnús Kristjánsson og Sigurður Hallgrímsson og bjóðum við þá sérstaklega velkomna í hópinn !



Skátahöfðingi og fleiri í stjórnun BÍS koma úr Vífli

Fulltrúar á skátapingi þann 19. mars s.l. kusu Margrétu Tómasdóttur sem skátahöfðingja Íslands. Margrét hefur verið starfandi í Vífli til fjölda ára en hefur einnig unnið mikið starf fyrir Bandalag íslenskra skáta og hefur t.d. verið aðstoðarskátahöfðingi kvenskáta síðustu árin.

Einnig situr nú í stjórn BÍS Helgi Grímsson úr Vífli en hann er aðstoðarskátahöfðingi drengjaskáta.

Að auki á Vífill skáta í Alþjóðaráði BÍS, en þar sitja Einar Hafberg og Hermann Sigurðsson. Frá Vífli er einnig Bjargey Ingólfsdóttir en hún á sæti í Fræðsluráði BÍS.



Lokahátíð sumarnámskeiða

Lokahátíð sumarnámskeiðanna Vífils var haldin í endann á ágúst. Mikill fjöldi safnaðist saman við skátaheimilið og var mikið um dýrðir. Hoppukastalar, leiktæki, kassaklifur, töframaður, fjöldasöngur og einnig skemmti Páll Óskar.

Veðrið var frábær og skemmtu allir sér hið besta. Skrifað var undir endurnýjun á þjónustusamningi Vífils og Garðabæjar og síðan var skróðganga með fánaborg niður á Bæjarbraut þar sem skólfustunga að nýrri Skátamiðstöð Garðabæjar var tekin.

Vífilsbúð mikið notuð

Skátaskáli Vífils er mikið notaður af skátum félagsins enda stutt að fara í Heiðmörkina. Umhverfi skálans er frábært til hvers kyns útivistar og er t.d. vinsælt að fara í gönguferðir um Heiðmörkina eða jafnvel alla leið upp á Helgafell. Rafmagnskynding er í Vífilsbúð og nú fyrir stuttu var skipt um



alla ofna í húsinu.

Nú til fjölda ára hafa elstu foringjar félagsins komið upp ákveðinni jólahéð. Alltaf á annan dag jóla er farið upp í Vífilsbúð og öll nýju jólaspilin tekin með. Síðan er spilað sleitulaust og er mikill keppnisandi ríkjandi.

Undir rauðamorgun er svo staðan þannig að allir hafa spilað sig í svefn.



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Jónatan Smári Svavarsson

Aðstoðar félagsforingi

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ritari

Brynjar Hólm Bjarnason

Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

Meðstjórnendur

Magnús Kristjánsson

Sigurður Hallgrímsson

Rakel Ýr Sigurðardóttir

Strákasveitin Fornmenn

Strákarnir í viðamiklu starfi og fjörugum útilegum

Þessi vetur er búinn að vera viðburðarríkur hjá Fornmönnum. Í vetur hafa verið starfandi tveir flokkar Veidimenn og Inkar.

Það sem hæst ber uppúr hjá Veidimönnum er trilluferð þeirra. Farið var á trillu í Reykjavík og fór hann með okkur rétt út fyrir höfnina og sýndi skátunum veiðarfærin og þau tæki sem sjómennirnir þurfa að nota til að finna fiskinn og til að rata um úti á sjónum. Veidimenn fengu einnig að kasta út sjóstöng en engin fiskur beit á agnið. Það sem hæst stóð upp úr hjá Inkum er ferð þeirra til Vestmanneyja. Þar hittu þeir annan skátaflokk og kepptu í ýmsum skátaprautum.

Sveitarútilega í Þrist við Esjurætur

Fyrir áramót var farið í sveitarútilegu upp í skátaskálann Þrist og var það hin mesta ævintýraferð. Markmiðið með ferðinni var að vera í skála þar sem öll nútíma þægindi eru ekki til staðar. Það kann að hljóma fánalega að það sé markmið að fara útilega án nútíma þæginda, en við slíkar aðstæður lærir skátinn að meta þau þægindi sem við höfum. Í Þristi þarf að ganga í 10 mínútur að læk til að ná í vatn og bera 40 kg af vatni þessa leið krefst þess að vatnið sé notað höflega.

Þetta var mjög velheppnuð útilega og allir skemmtu sér vel.

Vígsluútilegan í Vífillsbúð

Það var dimmt, það var kalt, þegar komið var að því að labba upp í Vífillsbúð. Klukkan var að ganga hálf níu þegar við lögðum af stað. Labbað var af kappi með Gunní í farabroddi. Þar sem Fornmenn eru svo hraðskreiðir þá tók ekki nema klukkutíma að labba.



Þegar komið var upp í Vífillsbúð, var komið svefnpokunum fyrir og svo var farið í æsispennandi flokkakeppni. Þar fór fram hveitiopaltómatakeppni, spurningarkeppni, sjómann, kókosbolluát og blöðrukeppnin.... Veidimenn unnu þá keppni. Þá var spilað smá og svo farið í háttinn.

Alltaf hafragrautur í morgunmat

Á laugardag vöknudu við við fallegan söng frá norðlenskum söngfugli. Þegar allir voru komnir á labbír var eldaður hinn frægi hafragrautur en í þetta skipti var hann með bönunum og var þetta hinn ljúffengasti morgunmat.

Um morguninn fórum við í kubbaleik, sem gkkk út á það að niðri var Gísli búinn að útbúa módel. Hann lét okkur fá eins kubba og nú var keppni hver yrði fyrri til að byggja módelið. Þetta hefði ekki verið neitt mál ef við hefðum getað haft módelið hjá okkur. Hins vegar þurftum við alltaf að hlaupa niður og kíkja á það, hlaupa upp aftur og reyna að segja hinum hvernig þetta ætti vera. Rétt fyrir hádegisgjöld var farið hjá fjölskyldugrillinu í Heiðmörk og var kveikt smá bál þar með blöðum.

Erfiður áttavitaleikur

Farið var í mjög erfiðan áttavitaleik sem gekk út á það, að okkur voru gefnar stefnur og áttum við að labba í þá átt þangað til að við fundum litaða steina. Við elduðum kakósúpu við grillið og svo haldið heim á leið í skálann. Þegar þangað var komið tók Gunnur á móti okkur með heitar pönnukökur sem voru

mjög ljúffengar.

Við fengum smá frítíma og svo var farið að elda kvöldmatinn. Eftir ljúffengar pítur var kvöldvaka haldin.

Kvöldvaka og vígsla

Hún var nokkuð skondin með frægum og frábærum gítarleikara frá Álftanesi. Eftir allt amstrið var klætt sig í útifötin, labbað í Fálkahelli í geðveikis hundleiðinlegu veðri en hins vegar var förin skemmtileg. Vígsla fór fram sem er ekki leyfilegt að segja frá vegna leyndardóma Fornmanna.

Þá var haldið „heim“ í ennþá verra veðri en allir komust þó í skálann.

Tiltekt og verðlaun

Á sunnudagsmorgninum var pasta með pylsum það minnstæðasta, einnig hæfileikakeppnin sem Inkar unnu.

Svo var tekið til og verðlaunin afhent Það voru INKAR unnu flokkakeppnina og Hörður og Danni unnu bestu hegðunina.


Þetta var frábær helgi og besta útlega sem hefur verið haldin á þessu ári eða árinu 2004.

F. h. Formanna
Gísli Örn Bragason





markmið mitt er að verða forsætisráðherra



- hæstu vextir bankareikninga
- bundinn til 18 ára
- verðtryggður
- fyrir 15 ára og yngri
- engin þjónustugjöld eða þóknun

Gefðu *fermingargjöf* sem vex

Inneign á Framtíðarreikningi Íslandsbanka er fermingargjöf sem vex og gerir krökkum dagsins í dag unnt að hrinda markmiðum og draumum framtíðarinnar í framkvæmd. Peningargjöf inn á Framtíðarreikning er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum, systkinum og vinum.

ÍSLANDBANKI

Dróttskátar

Sífelldar útilegur og ferðir

Dróttskátarnir í Vífli sem eru á aldrinum 15-18 ára eru í hörkudagskrá allan veturinn. Eiginlega er hægt að segja að einhverjir þeirra séu í útilegum eða ferðum um hverja helgi.

Dróttskátamótið í Þórsmörk

Hjálparsvéitir í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi fara með dróttskáta í útilegu í Þórsmörk á hverju hausti.

Dróttskátamótið Saman var haldið 27.-29. september síðastliðinn. Allir mættu við Smáralind, skipt var í hópa og svo var brunað austur. Stutt pulsustopp á Hvolsvelli og svo var haldið áfram. Turi vildi ekki halda áfram og bar fyrir sig að honum þætti Fljótshlíðin svo smart að hann færi ekki fet. Hann var þó talaður til og við gátum haldið áfram. Brunuðum inn í Þórsmörk og komum okkur svo fyrir.

Vífill stýrði kvöldinu

DS.Fenris sá um næturleik á föstudagskvöldið og sáu meðlimir sveitarinnar um það. Undirritaður sá um spurningakeppni, voðalega gaman, voðalega gott veður, voðalega kalt. Allir fóru þreyttir og ánægðir að sofa.

Ævintýrlegur laugardagur.

Allir voru svo vaktir með unaðsfögurum tónum að hætti Finnboga og Tura. Gúffuðum svo í okkur morgunmat og fórum svo með bílum á okkar pósta sem voru við Gígjökul og jökullónið. Fyrsti póstur hjá mínum hópi var ísklifur.

Við lærðum að ganga á mannbroddum og beita ísexi. Næsti póstur var leit að snjóflóðaylum sem voru grafnir við jökuljaðarinn. Allir ýlarnir fundust og svo héldum við á næsta póst. Hann var um skyndihjálp. Þar lærðum við meðal annars að gera börur úr hlutum sem



maður tekur vanalega með sér í ferðum og að maður á alltaf að taka með sér Ductape í ferðir.

Sviðið yfir Krossá

Nú færðum við okkur að Krossá þar sem fleiri póstar biðu okkar. Við byrjuðum á því að síga. Sigið var ansi nett og einnig klifrið sem var á eftir því. Því næst var



póstur um rötun og svo svifbraut yfir Krossá. Síðasti pósturinn var vaðpóstur sem var ansi kaldur. Næst á dagskrá var kvöldmat og svo kvöldvaka.

Ekki nokkur leið að sofa

Allir fóru svo að sofa en sá svefn var ekki langur því við vorum svo vakin klukkan eitt því þá var útkall og við fórum að leita að fólki í Strákagili. Allir komust klakklaust niður og loks fengum við almennilegan svefn.

Um morguninn var svo metamót þar sem dróttskátar úr Kópum höfðu vinninginn. Að lokum var svo hópmyndataka og verðlaunaafhending og svo var öllum hent upp í rútu og haldið heim. Mótið var algjör snilld í alla staði og vona að haldið verður með þessi mót.

Fleiri ferðir í allan vetur

Dróttskátasveitin hefur einnig farið í tjaldútilegur og skálaútilegur upp að Botnssúlum ásamt göngu- og klifurferðum í nágrenni Ísafjarðar og er stefnan auðvitað sett á fleiri ferðir í framtíðinni.

Ágúst Þór DS. Fenris



Forynjur Vífils

Stúlkurnar öflugar !

Mikið starf hjá kvenþjóð Vífils

Forynjusveitin eða stelpusveit Vífils hefur verið með öflugara móti í ár og einkennst af góðum anda og atorkusemi flokksfóringja sem og sveitarmeðlima. Starfið í vetur hefur verið með þeim hættinum að almennir flokksfundir hafa verið 3 í mánuði en síðasta mánudag hvers mánaðar hafa verið sveitarfundir. Þar hefur verið tekist á við hin ýmsu verkefni, s.s. hellaskoðunarferð í Heiðmörkina, landakynningar með alls kyns nýbreytni, Halloweenfundur, spurningakeppni og margt fleira.

Fyrir utan hina árlegu félagsútilega að Úlfhljótsvatni í október hefur sveitin farið í dagsferðir þar sem ýmislegt er gert sér til skemmtunar innan borgarmarkanna.

Sveitarútilega við Esjurætur

Í febrúar var síðan haldið í sveitarútilegu við rætur Esjunnar þar sem vaðin var drulla upp að ökklum til þess að komast að áfangastað. Það hófst með smá þreki og helgin var



frábær. Þar sem veðrið lék ekki beint við okkur þessa helgina þurfti að breyta dagskránni örlítið og miða við aðstæður, því var meira haldið sig inni við.

Eftir skemmtilega kvöldvöku og heimsókn góðra gesta, sem börðust við geðvönsku veðurguðanna til þess eins að eyða með okkur kvöldinu, voru stelpurnar vígðar formlega inn í skátasveitina að miðnætti við nokkuð sérstakar aðstæður.



Meira fjör og svo Finnland

Starfið í sveitinni verður að sjálf-sögðu keyrt áfram á spennandi dagskrá út árið og stefnan er tekin á 20 000 manna skátamót í Finnlandi í ágúst.

Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir og Bergdís Inga Brynjarsdóttir, sveitarfóringjar í Forynjum

Breyttur vefur Vífils á netinu

Miklir möguleikar með nýju vefkerfi - www.vifill.is

Verðlaunavefur Vífils

Óvenjumikil gróska er í skátastarfi á netinu og eru flest skátafélög að nýta sér tölvutæknina og er Vífill þar mjög framarlega í flokki !

Vefur Vífils hlaut nú nýverið sérstök verðlaun Akademíu skáta, en það eru verðlaun sem veitt eru til þeirra félaga eða skáta sem skara framúr í sérstökum málefnum.

Vefstjóranum Jóni Inga Björnssyni eru færðar sérstakar þakkir fyrir allt hans frábæra framlag við gerð vefsvæðis Vífils.

En nú skal gera enn meira !

Nýbreytt vefsvæði Vífils er umfangsmikið og heldur utan um dagskrá félagsins, fréttir, félagatal, myndasafn úr starfinu, innri vef fyrir skátafóringja að ógleymdri kosningu vikunnar þar sem kosið er um hin ólíklegustu málefni hverju sinni.

Einnig er sérstök fréttasíða sem segir frá helstu atburðum líðandi stundar og geta

skátafóringjar félagsins sjálfir uppfært fréttasíðuna strax eftir útilegur.

Öll skráning í sumarnámskeiðin

Nú fljótlega verða settar á netið allar upplýsingar um Ævintýra- og útilífsnámskeiðin sem haldin verða í sumar.

Hægt verður að framkvæma allar skráningar á vefsíðu Vífils og má sem dæmi nefna að tæplega 90% af skráningum á námskeiðin í fyrra fóru í gegnum netið.

Alfarið í höndum skáta

Öll uppsetning fréttar og mynda er í höndum skátanna sjálfra og notað er til þess kerfið Autonomy, en hönnuður þess er Daniel Eðvaldsson. Með þessu kerfi verður t.d. mjög auðvelt að setja upp heilu myndasýningarnar frá útilegum og ferðum.

Skátaskeytin pöntuð á netinu

Nú í ár höfum við þann möguleika að hægt er að panta skátaskeyti frá




heimasíðu Vífils. Slóðin er auðvitað www.vifill.is. Gott er að hafa þetta blað við hendina, því slá þarf inn númer fermingarbarna og tegund skeytisins.

Skráðu þig á póstlista Vífils

Með nýja kerfinu getum við haldið utan um sérstakan póstlista fyrir skáta, foreldra eða velunnara sem vilja fylgjast með fréttum frá félaginu.

Hvetjum við alla til að skrá sig á listann. Skeytanefndin.


Myndir úr starfi Vífils




Skátaskeytin eru falleg sending




1. Bessastaðagluggi



2. Varðeldur



3. Frá Úlfjótssvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



Umslag utan um skeytin.

Þetta eru þær skátaskeytategundir sem eru í boði.

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að

Kirkjulundi 17 í Garðabæ (Munið að við erum nýflutt !)

Ef pantað er símleiðis, **verður** að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er kr. 500.

**Á fermingardögum er hægt að panta skeytin
í sínum 565-8820, 565-8989 eða 899-0089
milli klukkan 13-17.**

**Alla daga er hægt að panta skeyti á
www.vifill.is allan sólarhringinn !**

**Einnig er hægt að koma í skátaheimilið að Kirkjulundi 17 á opnunartíma
skeytasölnunnar eða milli kl. 18-20 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga.**

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2004

Vídalínskirkja 28. mars kl. 13:30

101	Aðalheiður Hreinsdóttir	Krókamýri 30
102	Alex Ross Aðalsteinsson	Holtsbúð 93
103	Anne Maria Steinþórsdóttir	Ásbúð 19
104	Aron Ásberg Björnsson	Langamýri 59
105	Ásta Sigríður Harðardóttir	Faxatún 6
106	Bragi Sigurkarlsson	Smáraflöt 39
107	Elín Ósk Ólafsdóttir	Nónhæð 6
108	Guðlaug Sunna Granz	Kirkjulundi 4
109	Hafdís Hjaltadóttir	Bæjargil 101
110	Halla Margrét Ásgeirsdóttir	Hólmatúni 24
111	Hans Grétar Kristjánsson	Bæjargil 59
112	Helga Hafdís Gunnarsdóttir	Hlíðarbyggð 35
113	Hildur Steinþórsdóttir	Efstilundur 13
114	Hilmir Örn Hilmisson	Blikanes 18
115	Inga Amal Hasan	Tjaldanes 7
116	Inga Rún Bjarnadóttir	Þernunes 7
117	Jón Guðni Sandholt	Sunnufliot 28
118	Jökull Hrafnsson	Lyngmóar 3
119	Kristín Hulda Bjarnadóttir	Markarflöt 21
120	Kristjana Björg Þórarinsdóttir	Hrísmóar 3
121	Lilja Kristín Birgisdóttir	Ögurási 14
122	Líney Sif Sandholt	Sunnufliot 28
123	Margrét Sigurpálsdóttir	Brúarflöt 5
124	Páll Ólaf Pálsson	Dalsbyggð 12
125	Pétur Geir Ómarsson	Blómahæð 2
126	Rósa Björk Guðnadóttir	Ásbúð 83
127	Sarah Dröfn Björnsdóttir	Vattarás 4
128	Sigurður Torfi Helgason	Nónhæð 4
129	Stefán Arnar Einarsson	Mávanes 18
130	Tandri Már Konráðsson	Sigurhæð 10
131	Tinna Björg Úlfarsdóttir	Garðatorg 7
132	Tómas Björnsson	Skógarhæð 3
133	Þórir Gylfi Bjarnason	Ásbúð 20

Garðakirkja 3. apríl kl. 13:30:

201	Aðalsteinn Pálsson	Markarflöt 12
202	Ágúst Freyr Jónasson	Bæjargil 95
203	Egill Pétursson	Hofslundur 17
204	Frantz Adolf Hákansson	Skrúðás 2
205	Hafþór Jónsson	Bæjargil 28
206	Jónas A. Aðalsteinsson	Tjarnarflöt 12
207	Katrín Rún Jóhannsdóttir	Einilundur 5
208	Sverrir Eyjólfsson	Birkiás 17
209	Þorsteinn Haukur Harðarson	Krókamýri 80
210	Þorsteinn Jökull Gunnlaugsson	Skógarlundi 10

Vídalínskirkja 4. apríl kl. 10:30:

301	Anna Vala Hansen	Sjávargrund 15 B
302	Baldvin Már Baldvinsson	Bæjargil 48
303	Berglind Björgvinsdóttir	Hrísholt 9
304	Björn Úlfsson Bergmann	Nónhæð 6
305	Davíð Páll Svavarsson	Ásbúð 55
306	Elín Hrefna Hannesdóttir	Bæjargil 83
307	Eypór Már Magnússon	Arnarás 2
308	Haukur Már Karlsson	Goðatún 19
309	Helga Fjóra Jónsdóttir	Holtsbúð 67
310	Jóhann Laxdal	Bæjargil 82
311	Jóhannes Gunnar Skúlason	Bæjargil 124
312	Karen Gunnarsdóttir	Hraunás 1

313	Ólína Sigfúsdóttir	Vífilsstöðum Hús 1
314	Rafn Helgason	Urðarás 10
315	Sigríður Kristín Jónsdóttir	Birkiás 4
316	Snædís Ebba Atladóttir	Reynilundur 2
317	Sólveig Björk Ásmundardóttir	Engimýri 12
318	Sólveig Guðrún Geirsdóttir	Þrastanes 6
319	Stefán Örn Jensen	Birkiás 11
320	Sævar Sigfússon	Bæjargil 78
321	Trausti Þórarinsson	Jökulhæð 3
322	Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir	Krókur 2, Garðaholti
323	Ýmir Óskarsson	Smáraflöt 38
324	Þórunn Bergdís Heimisdóttir	Langamýri 4

Vídalínskirkja 4. apríl kl. 13:30:

325	Arnar Ingi Ólafsson	Draumahæð 10
326	Ágúst Þór Hansson	Marargrund 12
327	Ásgeir Örn Sigurpálsson	Skógarhæð 6
328	Eir Arnbjarnardóttir	Holtsbúð 30
329	Elfa Arnbjarnardóttir	Holtsbúð 30
330	Elsa Bjarnadóttir	Draumahæð 5
331	Guðmundur Hilmar Tómasson	Erluás 58
332	Gunnar Örn Arnarson	Langamýri 24B
333	Heiðís Hanna Sigurðardóttir	Tjarnarflöt 1
334	Heiður Gefn Guðbergisdóttir	Eskiholt 7
335	Hulda Hjartadóttir	Goðatún 24
336	Jakob Guðmundsson	Víðilundur 10
337	Jón Ingi Hrafnsson	Krókamýri 40
338	Jón Steinar Þórarinsson	Bæjargil 67
339	Jónína Bríet Jónsdóttir	Bakkaflöt 14
340	Karen Ósk Finsen	Eskiholt 11
341	Karitas María Lárusdóttir	Gígjulundi 2
342	Sara Rut Unnarsdóttir	Bæjargil 119
343	Sigríður Bára Ingadóttir	Lynghæð 4
344	Sigríður Hulda Sigurðardóttir	Ásbúð 53
345	Sindri Hrafn Helgason	Steinás 6
346	Steinþór Gunnar Ellertsson	Holtsbúð 59
347	Sylvía Björg Kristinsdóttir	Langamýri 22 c
348	Tjörvi Valsson	Breiðás 5

Vídalínskirkja 12. apríl kl. 10:30:

401	Ágústa Óskarsdóttir	Brekkubyggð 83
402	Bergur Hjaltsted	Skrúðás 12
403	Björn Már Ólafsson	Fífumýri 4
404	Davíð Örn Kjartansson	Bæjargil 115
405	Hallgrímur Hallgrímsson	Heiðarlundur 19
406	Hákon Jens Helgason	Krókamýri 16
407	Hervald Rúnar Gíslason	Garðafliot 5
408	Högni Rúnar Ingimarsson	Súlunes 5
409	Jónína Carol Riendean	Goðatún 30
410	Kjartan Gunnarsson	Lyngmóar 10
411	Konráð Andri Sævarsson	Bæjargil 41

**Pantið skátaskeytin í sínum 565-8989 & 565-8820
eða komið í skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12
Einnig hægt að panta á www.vifill.is !**

Í Garða-, Vídalíns- og Bessastaðakirkju

Prestar verða sr. Hans Markús Hafsteinsson og sr. Friðrik J. Hjartar.

412	Rósa Lilja Thorarensen	Langamýri 45
413	Sigurjón Hákon Andrésson	Lækjarfit 5
414	Sæunn Kjartansdóttir	Lækjarfit 5
415	Unnar Helgi Daníelsson	Langamýri 1
416	Vigdís Óskarsdóttir	Brekkubyggð 83
417	Þuríður Día Ólafsdóttir	Ásbúð 2
418	Ægir Freyr Stefánsson	Nónhæð 1

Bessastaðakirkja 12. apríl kl. 13.30:

420	Elías Karl Guðmundsson	Markarflöt 55
-----	------------------------	---------------

Bessastaðakirkja 18. apríl kl. 10.30

450	Bjarki Þór Magnússon	Blómahæð 7
-----	----------------------	------------

Vídalínskirkja 18. apríl kl. 13.30:

501	Berglind Snorradóttir	Háhæð 27
502	Braga Stefaný Mileres	Sjávargrund 9B
503	Einar Geir Þorsteinsson	Hraunás 4
504	Ellert Ólafsson	Bæjargil 7
505	Elvar Ólason Laxdal	Ásbúð 80
506	Guðjón Ingi Kristjánsson	Hlíðarbyggð 17
507	Guðrún Jónsdóttir	Krókamýri 76
508	Helgi Þorleiksson	Lindarflöt 8
509	Hilmar Þór Hilmarsson	Kjarrmóar 1
510	Hlynur Þór Guðjónsson	Kjarrmóar 41
511	Hrund Andradóttir	Lindarflöt 13
512	Jón Kristófer Stefán Jónsson	Lyngmóar 6
513	Sindri Baldursson	Bæjargil 45
514	Sjöfn Guðmundsdóttir	Þrastanes 11
515	Steiney Snorradóttir	Háhæð 27

Vídalínskirkja 25. apríl kl. 10.30:

601	Agnar Freyr Grétarsson	Krókamýri 58
602	Andri Már Ólafsson	Garðaflöt 15
603	Auður Ösp Kristbjörnsdóttir	Ásbúð 18
604	Benedikt Steinar Vésteinsson	Holtubúð 1
605	Davíð Sævarsson	Laufás 3
606	Elsa Liv Jóhannsdóttir	Sunnufliot 13
607	Grétar Ólafsson	Hagaflöt 6
608	Guðjón Eggert Steinþórsson	Móaflöt 29
609	Hafþór Örn Þórisson	Langamýri 51
610	Harpa Heiðrún Hannesdóttir	Aratún 19
611	Haukur Freyr Agnarsson	Breiðás 2
612	Ingi Freyr Guðjónsson	Vattarás 2

613	Jón Þórir Óskarsson	Hlíðarbyggð 15
614	Sigrún Viðarsdóttir	Bæjargil 46
615	Sindri Snær Thorlacius	Hraunhólar 8

Bessastaðakirkja 25. apríl kl. 13.30

650	Daníel Gíslason	Hörgatún 19
651	Jóhannes Berg Hjaltason	lönubúð 4

Garðakirkja 2. maí kl. 10.30:

701	Andrea Atladóttir	Bæjargil 17
702	Andri Sigurjónsson	Kjarrmóar 37
703	Ásgeir Skorri Thoroddsen	Marargrund 2
704	Benedikt Kristjánsson	Brekkubyggð 28
705	Birgir Bjarnason	Esplundur 10
706	Bjarki Atlason	Bæjargil 17
707	Elvar Örn Jónsson	Skógarlundur 17
708	Guðbjartur Örn Gunnarsson	Móaflöt 47
709	Gunnar Ævarsson Olsen	Naustabryggja 14
710	Heiðar Atli Emilsson	Heiðarlundur 21
711	Jóhann Oddur Úlfarsson	Ljósamýri 5
712	Jón Arnar Jónsson	Hrísholt 1
713	Kjartan Dofri Jónsson	Grjótás 6
714	Orri Eiríksson	Smáraflöt 2
715	Ólöf Atladóttir	Bæjargil 17
716	Tryggvi Kaspersen	Bæjargil 33

Garðakirkja 2. maí kl. 13.30:

717	Alexandra Karen Alexandersdóttir	Ásbúð 41
718	Anna Ósk Stefánsdóttir	Engimýri 4
719	Arna Margrét Jónsdóttir	Krókamýri 20
720	Axel Bóasson	Bjarkarl. /Hörgatún 21
721	Christine Björg Morancas	Birkiás 5
722	Elín Þóra Ellertsdóttir	Engimýri 13
723	Elísa Björg Guðmundsdóttir	Aratún 26
724	Eygló Myrra Óskarsdóttir	Bæjargil 39
725	Freydís Björk Sigvaldadóttir	Hegranes 23
726	Hörður Freyr Sigurðarson	Krókamýri 50
727	Jón Gunnar Björnsson	Víðilundur 2
728	María Rún Vilhelmsdóttir	Hörgatún 5
729	Sturla Norðdahl	Óttuhæð 2
730	Tara Ósk Brynjólfssdóttir	Kjarrás 2
731	Tryggvi Þór Einarsson	Sigurhæð 5
732	Þórunn Día Óskarsdóttir	Bæjargil 39

Munið að hafa tilbúið kreditkortíð þegar þið hringið til okkar til að gefa okkur upp kortanúmerið og gildistímamann á því. Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið. Það flýttir fyrir afgreiðslu hjá okkur. Athugið breyttan opnunartíma. Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 13 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er. Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju.



Garðabæingar - Þökkum veittan stuðning



Vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeiðin

Skemmtileg námskeið - frábær dagskrá alla daga!



Skátafélagið Vífill

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglinga sem eru á aldrinum 6 - 14 ára. Skátafélagið var með fyrstu skátáfélögnum sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 15 árum.

Dagskráin byggist upp á mikilli útivist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi. Skátastarfið mun hafa aðsetur í nýju Skátamiðstöðinni Vífilsfelli við Bæjarbraut.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátáforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi og stjórnun í skátastarfi og hafa reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum.

Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálpi. Það er mikið lagt upp úr öryggismálum á námskeiðunum og eru stjórnendur þeir ásamt því að vera með nokkra unglinga úr vinnuskólanum.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára.

Hvert námskeið er í eina viku og í hverri viku er nýtt þema. Þátttakendum er skipt upp í 5 - 7 manna flokka eftir aldri sem starfa síðan saman allt námskeiðið. Boðið er upp á námskeið fyrir þrjá mismunandi aldurshópa að þessu sinni.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Þessi námskeið eru ætluð börnum sem eru fætt 1997 og eldri. Námskeiðin byggjast upp á tveggja vikna dagskrá og er þar af leiðandi útilega í annarri hverri viku.

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Námskeiðin byggjast upp á tveggja vikna dagskrá og er þar af leiðandi útilega í annarri hverri viku. Í annarri hverri viku er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni Vífilsbúðar, skála skátafélagsins. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð, póstaleiki ofl. Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein skátana. Þær vikur sem ekki er farið í útilegu verður farið í skemmtilega dagsferð.

Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11 - 14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með 3 daga útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útivist og öðruvísi ípróttum ss. kassaklifri, köfun og endar námskeiðið með 3ja daga útilegu. Þetta námskeið mun kosta 13.000 kr. Þeminn í útilegunni er „survivor“.

Grallanámskeið Vífils

Þetta er vikunámskeið sem er ætlað fyrir börn sem eru fædd 1998. Börnin eru við leik og störf við skátaheimilið og



endar námskeiðið á dagsferð. Börnin eru að kynna náttúrunni og læra að vera viðbúin þeim áhættuþáttum sem er að finna í nútímaþjóðfélagi, ásamt því að fara í þroskandi og uppbyggjandi leiki. Þetta námskeið er byggt á dagskránni "Vertu viðbúin" sem Bandalag íslenskra skáta gaf út fyrir þennan aldurshóp.

Fjölskyldudagar Vífils

Þetta er í annað sinn sem skátafélagið heldur þennan dag. Markmiðið með þessum degi er að reyna að laga fjölskyldulíf að skátastarfi. Útilegan sem verður á síðasta námskeiðinu í júlí verður með frekar óhéðbundnu sniði. Foreldrum gefst kostur á að koma með í útileguna á fimmtudeginum og taka þátt í kvölddagskrá og dagskránni á föstudeginum. Þannig verða foreldrar upplýstari um hvað skátastarf snýst í raun og veru. Upplýsingar um þennan viðburð verða birtar á heimasíðu félagsins í byrjun júlí.

Dagsetningar fyrir námskeiðin

Námskeiðin byrja strax og skólarnir hætta nú í vor og verða nánari upplýsingar um dagsetningar kynntar er nær dregur og auðvitað verður allt líka á vefnum okkar.

Námskeiðin verða frá kl:10 - 16 alla virka daga. Boðið verður upp á gæslu frá kl. 9 - 10 og frá 16 - 17 fyrir þá sem vilja.

Grillveisla og hátíð í lokin

Í lok ágúst verður haldinn grillveisla í skátaheimilinu þar sem öllum þátttakendum af Útilífs- og ævintýranámskeiðunum er boðið og þar gefst



þeim einnig tækifæri á að skrá sig í skátana. Nánar auglýst síðar.

Verð á námskeiðunum.

Fyrsta vika - 7000 kr.

Önnur vika - 6000 kr.

Þriðja vika - 6000 kr.

Veittur er 10% systkinaafsláttur.

Skráning er í síma 899-0089 og 565-8820. Einnig er hægt að skrá sig rafrænt á heimasíðunni okkar www.vifill.is eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.



Eldhressir Furðufuglar...

Stór hópur 9-10 ára ylfinga

Alltaf á miðvikudögum

Nú í vetur hafa eldhressir krakkar á aldrinum 9-10 ára flykkst í skátaheimilið á miðvikudögum til að mæta á ylfingafundi. Þátttaka í sveitinni hefur verið með afburðum góð og þegar mest hefur verið hafa þau verið hátt í þrjátíu. Margt hefur verið brallað á þessum fundum þó svo að oft sé erfitt að koma sér að verki því að fjörið er svo mikið.

Hellaferð, útilega og klifur

Í haust var byrjað á því að hjóla upp í Heiðmörk þar sem hellar voru gaumgæfilega skoðaðir. Þó svo að það hafi stundum reynst erfitt að komast inn í þá, þá hafðist það nú hjá öllum með einum eða öðrum hætti.

Síðan mætti sveitin galvösk í félagsútileguna í október og tók virkan þátt í að gera helgina ógleymanlega.

Í nóvember reyndi svo aldeilis á krafta og úthald því þá var haldið í næsta bæjarfélag og reynt við klifurvegginn hjá Fimleikafélaginu Björk og þar voru

ótrúlega glæsilegir taktar sýndir. Desember var svo tekinn rólega svona í mesta stressinu fyrir jólin.

Innilega

Síðustu helgina fyrir jólin var haldin innilega þar sem sveitin kom saman og svaf eina nótt inni í skátaheimilinu.

Í innilegunni var margt brallað og meðal annars var foreldrunum boðið að koma og spila með okkur bingó sem lagðist vel í hópinn og allir voru leystir út með góðum vinningum.

Í bráðabirgðahúsinu

Eftir jólin byrjaði starfið hálf skringilega, í nýju húsi og allir einhvernvegin ennþá að venjast því. En síðan ruddist sveitin út úr heimilinu og dreif sig á skauta í febrúar.

Á öskudaginn mættu ýmsar kynjaverur á fundinn og héldu svakalegan öskudagsfund.

Annað sem við ætlum að gera það sem eftir er af þessari önn er að mæta á fundi



vikulega þar sem alltaf eitthvað skemmtilegt er gert, fara í dagsferð og svo verður starfinu slitið á Ylfingamótinu sem verður haldið í júní á Úlfjótssvatni.

Íris Dögg Sigurðardóttir
Sveitaforingi Furðufugla

Félagsútilega Vífils

Hápunkturinn á hverju hausti



Próttmikið skátastarf í Garðabæ

Skátafélagið Vífill hefur verið lengi starfandi og rekur öflugt skátastarf. Um þessar mundir er starfið í miklum blóma. Skátastarf byggist á fundum þar sem skátar hittast og leysa verkefni og skemmta sér saman. Það sem stendur samt alltaf upp úr í starfinu eru útilegur.

Í útilegum myndast oft góð stemning og er oft talað um skátaandann sem fáir skilja, nema þeir sem hafa upplifað hann. Nýverið var farið í eina slíka útilegu í skátaskálaná á Úlfjótuvatni og þegar mest lét voru yfir 90 manns á staðnum.

Áhugaverð "sjóræningja"útilega

Nánast allir skátar úr Vífli fóru austur á Úlfjótuvatn í árlega félagsútilegu. Ævintýrið var að hefjast en undirbúningurinn hafði staðið yfir í langan tíma.

Margir koma að undirbúningi svona útilegu og í ár var ákveðið í rútunni fengu skátarnir fyrsta tölublaðið af Hauskúpunni sem var sérstakt dagblað útilegunnar. Blaðið var gefið út af dróttskátasveitinni Fenris og



birtust þar myndir og frásagnir af atburðum helgarinnar.

Mögnuð setning útilegunnar

Útilegan hófst með setningu í Dauðsmannsvík og sögur voru sagðir af ferðum sjóræningja í kring. Ekki var laust við að nokrir yrðu smeykir við þessa mögnuðu athöfn en öllum þótti vel hafa til tekist við að mynda sjóræningja stemmningu.

Eftir setninguna var farið í að undirbúa sérstakar dagskrármiðjur sem skátarnir tóku þátt. Í smiðjunum var þvæfð ull og úbúin listaverk úr gísi. Kakó og kex fyrir háttinn og svo sofið á sínu græna.

RÆS!

Fyrstu orð dagsins sem skátinn heyrir er "Ræs", þá drífa sig allir á fætur og undirbúa sig undir skálaskoðun. Sá flokkur sem hefur snyrtilegast í sínu herbergi vinnur stig í flokkakeppninni sem er í gangi alla helgina. Þegar skálaskoðun líkur fara allir í fánaathöfn þar sem íslenski fánin er dregin á húni og farið í sérstaka skátamorgunleikfimi um leið. Í morgunmatnum taka allir vel til matar síns.

Langur dagur

Verkefni dagsins eru mörg og það vita skátarnir mjög vel. Fyrsti dagskrárliðurinn er svokallaður póstaleikur eða stöðvaleikur. Þar fara flokkarnir á milli stöðva og gera margvíslegar þrautir og þarf flokkurinn að standa þétt saman til að leysa ýmis verkefni. Það sem hæst stendur upp úr er sig og klifur í klifurturninum á Úlfjótuvatni. Það getur litið svolítið ógvekjandi að síga niður 10 m háan turn og þurfa þeir sem stjórna siginu



stundum að telja kjark í skátana. Sumir treysta sér þó ekki en reyna þá bara einhvern tíman síðar. Ein megin reglan í skátunum er að allir séu þáttekendur og þess vegna krefst það oft útsjónarsemi hjá foringja að finna næg verkefni handa öllum.

Gönguferð dagsins

Eftir hádegismatinn var farið í gönguferð um nágrennið. Flokkarnir skipuleggja leiðir sínar og fá ákveðin verkefni til að leysa á leiðinni. Í þessa ferð fóru flokkarnir án eldri foringja en vandlega er fylgst með flokkunum á leiðinni. Það verða mikil ævintýri í gönguferðunum og fá skátarnir að kynna því hvernig þeir eigi að rata með hjálp landslagsins. Margir áttu þó erfitt með að rata réttar leiðir en allir skiluðu sér þó til baka eftir að sögn mikla raun að finna réttu leiðina.

Þvílík kvöldmatarveisla

Kvöldmatar á laugardegi er alltaf veisla helgarinnar. Þá koma allir mjög svangir og eldhúslíðið þarf að taka á honum stóra sínum til að allir fái nú nógu hratt matinn sinn. Í upphafi þessarar veislu fengu svo allir nýjar Vífilsflíspeysur og ríkti mikil gleði með þær.

Kvöldvakan ógleymanleg

Kvöldvaka hjá skátum er frábær skemmtun. Sungin eru hress og skemmtileg lög með



Vilt þú taka þátt í yfinga- skáta eða dróttskátastarfi?

Hringdu þá í síma 565 8820 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum milli kl. 18 og 20.



skemmti-atríðum á milli sem skátarnir hafa verið að undirbúa fyrr um daginn. Skemmtiatríðin setja líflegan svip á kvölvökuna og semja sumir lag en aðrir halda tískusýningu eða leika stutta brandara. Alveg frábært að sjá skátana syngja og leika. Alveg erum við viss um að einhverjir foreldrar vildu vera flugur á vegg þarna....

Sjóráningjar á ferð

Nú fer spennan að magnast því næturleikurinn er næst á dagskrá. Næturleikurinn er einn af hápunktum útilegunnar. Skátarnir fá bréf í hendurnar og þeim sagt að nú eigi þeir að vera sjóráningjar og reyna að vinna sér inn sem flesta gullpeninga. Til þess þurfa þeir að fara á ákveðna staði, keppa þar í þrautum og fá gullpening að launum ef vel er gert. Það leynast samt hættur í myrkrinu því ef sjóráningjar með lukt ná þeim taka þeir einn úr hópnum og senda hann um borð í víkingaskipið.

Til að fá aftur meðlim sinn þurfa skátarnir að kaupa hann með gullpeningum og ekki er gott að missa þá því sá sem er með flesta peningana í lokin vinnur. Þegar leikurinn

stendur sem hæst er hringt stóru klukkunni og kveikt er á kyndlum. Kyndlaberarnir hlaupa með síðustu peningana sína og reyna flýja undan skátunum sem eiga nú að ná peningum af þeim. Það hringir aftur og nú eiga allir að hittast hjá turninum og farið verður yfir peningastöðuna. Það voru þreyttir skátar sem skriði ofan í svefnpoka en ángæðir eftir þrautir dagsins.

Og líka poppað yfir eldi

Á sunnudeginum fóru fram íþróttaleikar. Keppt var í ýmsum þrautum sem reyndu á samvinnu flokksins. Þegar skátarnir takast á við þrautir sem þessar læra þeir hvað það skiptir miklu máli að standa saman til að hlutirnir beri árangur. Skátarnir fengu líka að prufa að poppa yfir opnu eldi í sigtum. Það getur verið snúíð að brenna ekki poppið en skátanir eru fljótir að komast upp á lag með það.

Taka til og keyra heim

Nú er ekkert eftir nema að ganga frá og fara heim. Það hjálpast allir að við að þrifa og taka til. Í rútunni á bakaleiðinni var svo dreyft síðasta inntakinu af Hauskúpunni og



þar gátu skátarnir séð árangur helgarinnar. Eftir svona útilegu eru allir þreyttir en ánægðir með hvernig til hefur tekist. Eftir lifir í minningum ánægjuleg útilega sem seint gleymist.

Gísli Örn Bragson.
Sveitarforingi í Skátafélaginu Vífli.



Vífill á Gilwell námskeiði

Mikil upplifun og reynsla fyrir foringja

Vífill átti fjóra fulltrúa af 20

Síðast liðið haust héldu fjórir hressir skátar úr Vífli, þau Jónatan, Soffía, Gísli og undirrituð austur á Úlfjótuvatna til að taka þátt í Gilwellnámskeiði, en það er leiðtoganámskeið á vegum Bandalags íslenskra skáta.

Námskeiðinu er ætlað að dýpka skilning þátttakenda á uppeldislegu gildi skátastarfs og stjórnun skátasveita.

Gilwell er hörkunám

Gilwell þjálfunin skiptist í þrjá hluta: Bóklegt og verklegt námskeið sem stendur yfir í 9 daga. Verklegt nám þar sem þátttakendur stjórna starfseiningu skátafélags eftir nákvæmri áætlun í sex mánuði undir eftirliti reyndra skátaforingja. Fræðilegt nám þar sem þátttakendur gera skriflega grein fyrir viðamiklum viðfangsefnum sem tengjast starfi, aðferðum og markmiðum skátahreyfingarinnar.

Og auðvitað rigndi á Úlfjótuvatni

Komið var austur og byrjað var á því að tjalda í grenjandi rigningu og roki, það stoppaði okkur ekki og voru þeir duglegustu að fram eftir nóttu (Jónatan og Gísli).

Allir festast í sínum flokki

Einn af föstum liðum Gilwellnámskeiða er að skipta skátunum í flokka sem heita Dúfur, Uglur, Spætur, Hrafnar og Gaukar. Síðan starfa þeir áfram í sínum flokki eftir það og þar með stækka þessir flokkar frá ári til árs. Á sérstökum endurfundum Gilwellskáta fylgja svo allir sínum flokkum.

Margvísleg verkefni

Eftir þessa fimm daga útilegu átti svo eftir að starfa saman að ýmsum verkefnum, svo sem að skella sér í sólarhrings gönguferð, þar sem gist var í tjaldi um miðjan vetur, sjá um götuleik, skrifa blaðgrein og fá hana birta í



landsfjölmíðli. Einnig voru margvísleg önnur verkefni sem við leystum sem einstaklingar.

Námskeiðinu lauk svo með helgar útilegu 5.-7. mars 2004.

Það var samdóma álit okkar allra að þetta hefði verið frábært námskeið þar sem við fengum að vera þátttakendur en ekki leiðbeinendur eins og oft er meðal eldri skáta.

Hanna Dóra Magnúsdóttir
fræðslufulltrúi Vífils.

Kveðja til heiðursfélaga

Hrafnhildur Odda Sturludóttir

Skyldi vera skátastarf á himnum?

Ef svo er þá hefur einn af okkar bestu félögum bæst í þann hóp.

Á síðasta ári þurftum við Víflar að kveðja einn af okkar bestu skátum og bakhjörtum. Það var Hrafnhildur Oddný Sturludóttir, stjórnarmaður og heiðursfélagi Skátafélagsins Vífils sem kvaddi þennan heim eftir hetjulega baráttu við illvígán sjúkdóm.

Frábær félagi

Odda, eins og hún var alltaf kölluð gekk til liðs við okkur árið 1980 og það má segja að hún hafi starfað með okkur til dauðadags. Áður hafði hún starfað í áraradír í skátafélögunum í Reykjavík og lagt sitt þar af mörkum.

Það var sama hvað þurfti að gera, Odda var alltaf til í slaginn og hreif fólk með sér í átökin og hélt uppi fjörinu.

Sá til þess að allir hefðu það gott

Skátamótin þar sem Odda var við fararstjórn eða sá um að enginn slyti, urðu ófá á þessum tæpa aldarfjórðungi sem við nutum krafta hennar. Það er sérstaklega minnisstætt hversu mikið lag hún hafði á



krökkunum.

Í okkar hópi hafa jafnvel verið krakkar sem rákust illa og þurftu mikla athygli og eftirlit. Það skipti ekki máli hvaða eiginleika og sérstöðu þessir krakkar höfðu, alltaf gat Odda fundið leiðir til að ná til þeirra og fá þau á sitt band.

Hlaup upp fjallshlíðar vöfðust ekki fyrir Oddu, ef skátar fundu upp á að hlaupa þangað - hún hljóp þau þá bara uppi.

Alltaf á sumardaginn fyrsta

Sumardagurinn fyrsti var einn af þeim dögum sem Odda hafði sérstakt hlutverk.

Hún sá um eldhúsið og tryggði að skátamömmurnar bökuðu svo nóg væri af kökum og brauði fyrir alla sem heimsóttu okkur þennan dag - það þarf sennilega fleiri en einn aðila til að fylla þetta skarð, og er þá á engan hallað.

Minningin lifir

Þó Odda sé nú farin til að sinna skátastarfi á himnum þá skildi hún eftir gullmola sem hafa reynst okkur vel í Skátafélaginu Vífli. Sigurður Bjarni og Ásta hafa skilað sínu, en Hrafnhildur aðstoðarfélagforingi og Hermann framkvæmdastjóri stóratburða Vífils tryggja að minningin um Oddu lifir.

Við þökkum fyrir frábæra samveru og geymum í hjarta okkar minningu um konu sem gaf allt sem hún átti og gat alltaf bætt við meiru ef á þurfti að halda - Takk Odda.

Liðinn er nú ljúfur tími, lán það var að kynnast þér. Líflæg mynd sem enginn gleymi, lífa mun í hópnum hér.

Stjórn og félagar í Skátafélaginu Vífli



Krydd og kaviár
 Veitinga- og veislubjónusta
 Sjá www.kryddogkaviar.is
Sími: 565-9933



Við erum fluttir frá Neðstutröð í Hamaraborgina

KT Tölvur sf. hafa flutt starfsemi sína í nýtt húsnæði að Hamraborg 1 í Kópavogi (neðanverðu). Nú heitum við TÖLVUKAUP! S: 554-2187.




Bylting fyrir hendur

Kornamaski sem gerir hendurnar silkimjúkar á 20 sekúndum

Helstu útsöluaðir Crabtree & Evelyn á höfuðborgarsvæðinu:
 Blómaval Sigtúni
 Tekk-Company Kópavogi
 Lyf og Heilsa Kringlunni
 Villeroy & Boch Kringlunni

Heildsöludreifing Heggís ehf.

Ertu að kenna í tölvustofu ?



Með Renet kennsluhugbúnaði hefur þú fulla stjórn á öllum tölvunum í kennslustofunni og getur fylgst með tölvum nemenda. Þú getur t.d. læst lykilorðum og músnum nemenda eða slökkt á skjám ásamt því að leyfa bara ákveðin forrit á tölvum nemenda.



Renet Multimedia Language Studio er einnig sérhannað fyrir tungumálakennslu



RE/MAX[®]
STJARNAN 
 Garðatorgi - 210 Garðabæ
 S: 51-REMAX (51-73629)
 www.remex.is
Nútímaleg fasteignasala

BLÓMASKAR
 við turninn í Garðabæ • S: 565 7975
 beint í blómaskreyti 848 7675



**Kynnið ykkur fermingartískuna í
 borðskreytingum, servíettum og kertum.**

Beint í blómaskreyti:
Kristi Jo Kristinsson s: 848-7675
Katharína Markúsdóttir s: 697-5153

**Stjörnu
 sport** 




Sími 5656550

Prettándabrenna Vífils

Sífelld fleiri og fleiri koma í Heiðmörkina !

Prettándabrennan vinsæl

Hin árlega prettándabrenna var haldin í nágrenni Vífilsbúðar og kom mikill fjöldi gesta í Heiðmörkina til að syngja út jólin. Prettándabrennan er að verða einn af föstu dagskrárliðum okkar í Vífli og fer sístækkandi milli ára. Við teljum að rúmlega tvö hundruð gestir hafi komið að þessu sinni.

Söngur og flugeldasýning

Þegar búið var að kveikja í brennunni var sungið hraustlega við gítarspil og öfluga söngstjórn dróttskáta félagsins. Strax að loknum söngnum sá Hjálparveitin í Garðabæ um glæsilega flugeldasýningu sem bergmálaði um hlíðarnar í kring.

Kakó og kex í boði Vífils

Eftir flugeldasýninguna bauð Vífill upp á kakó og kex á pallinum við skátaskálann Vífilsbúð. Dróttskátar nír spiluðu einnig undir söng á pallinum og var mjög gleðilegt að sjá hversu margir komu til okkar.

Sjáumst á næsta þrettánda !



Garðatorgi S: 565-6677

Efnalaug og fataleiga Garðabæjar
Garðatorgi 3, Sími 565-6680

Bókaverslunin
Gríma

Garðatorgi
Sími: 565-6020

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GH HEILDVERSLUN EHF.
 Garðatorgi 7 210 Garðabæ
 Sími 5656560 Fax 5656160
 gh@gh.is <http://www.gh.is>

GARDATORGI 7 - 210 GARÐABÆ
 Sími : 545-0800 - fax : 545- 0801
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Garðatorg

Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð

ZEPPELIN ARKITEKTAR
 Garðatorg 7



sph

HÆSTÁNÆGÐ
MEÐ ÁVÖXTUNINA!

GJAFABRÉF SPH

Tilvalin gjöf til fermingar barnsins sem vex og dafnar um ókomin ár!

- Þú velur binditímann
- Hagstæð ávöxtun
- Enginn kostnaður

Komdu í heimsókn – við tökum vel á móti þér!

Allir 14 ára unglingar sem búa í Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðhrepp fá gefins reiknivél frá SPH.

sph 
– með ánægju!